

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár.

1. gr.

Nafn félagsins er Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna, sem land eiga að eða veiðirétt í vatnakerfi Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár, en undanskildir eru lækirnir Hróarslækur og Galtalækur. Eftirtaldar jarðir eiga aðild að félaginu:

1. Landmannaafréttur	36. Gröf	71. Búð 2
2. Næfurholt	37. Árbakki	72. Dísukot
3. Hólar	38. Árbær	73. Eyrartún
4. Merkihvoll	39. Breiðibakki	74. Hábær 1
5. Galtalækur	40. Kvistir	75. Hábær 2
6. Galtalækur 2	41. Árbæjarhellir	76. Hákot
7. Leirubakki	42. Árbæjarháleiga	77. Há-Rimi 1
8. Vatnagarðar	43. Heiðarbrún	78. Há-Rimi 2
9. Selsund	44. Helluvað 1	79. Hávarðakot
10. Haukadalur	45. Helluvað 2	80. Hraukar
11. Svinhagi	46. Helluvað 3	81. Húnakot
12. Stóru-Vellir	47. Nes	82. Jaðar 1
13. Húsagarður	48. Bjarg	83. Jaðar 2
14. Bolholt	49. Ægissíða 1	84. Litla-Rimakot (Borg)
15. Réttarnes	50. Ægissíða 2	85. Melur
16. Hrólfstaðahellir	51. Ægissíða 3	86. Miðkot
17. Tjörfastaðir	52. Ægissíða 4	87. Norður-Nýjabær
18. Þingskálar	53. Gaddstaðir	88. Oddspartur
19. Kaldbakur	54. Selalækur 2 og 3	89. Sigtún
20. Bjalli	55. Selalækur 4	90. Skarð
21. Efra-Sel	56. Oddi	91. Skinnar
22. Neðra-Sel	57. Vindás	92. Smáratún
23. Lunansholt 1	58. Lang-Ekra	93. Sólbakki
24. Lunansholt 2	59. Sólvellir	94. Stóra-Rimakot
25. Lækjarbotnar	60. Hrafnatóftir 1	95. Suður-Nýjabær
26. Holtsmúli 1	61. Hrafnatóftir 2	96. Tjörn
27. Holtsmúli 2	62. Bjóla 1	97. Tobbakot 1
28. Heiðabrekka	63. Bjóla 2	98. Tobbakot 2
29. Heiði 1	64. Bjóluháleiga	99. Unuhóll 1
30. Heiði 2	65. Bali 1	100. Unuhóll 2
31. Austvaðsholt 1	66. Bali 2	101. Vatnskot 1
32. Austvaðsholt 2	67. Borgartún 1	102. Vatnskot 2
33. Snjallsteinshöfði	68. Borgartún 2	103. Vestur-Holt
34. Snjallsteinshöfði	69. Brekka	104. Önnupartur
35. Geldingalækur	70. Búð 1	

Heimilt er að félagið starfi í deildum. Verði deild eða deildir stofnaðar, skal hver deild taka yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns, sbr. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Hver deild ráðstafi veiði í sínu umdæmi samkvæmt sömu lagagrein.

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar.

Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gildandi fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórn á víxl, þannig að formaður gengur úr stjórn eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár, hinir eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal þrjá varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum.

Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyllt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

Ef lagt er fyrir fund í veiðifélaginu að ráðstafa vegna starfsemi félagsins í framkvæmdir, sem hafa útgjöld í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félagsins af veiði á því starfsári, getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins.

Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Fiskistofu, 19. nóvember 2012.

Árni Ísaksson,
forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.